

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1287
komudagur 29/3 1996



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

Samgöngunefnd Alþingis
B/t Nefndadeildar Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

SAMTÖK ÍSLENSKS
VIÐSKIPTALÍFS

Reykjavík, 28. mars 1996.

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar (331. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi framangreint frumvarp. Verslunarráð vill af því tilefni taka fram, að það hefur verið stefna ráðsins, að skipta beri upp Póst- og símamálastofnuninni þannig að fullkomlega verði greint á milli einkaréttarstarfsemi og samkeppnisstarfsemi stofnunarinnar. Í kjölfarið beri að breyta hinum aðgreindu rekstrareiningum í hlutafélög og selja hlutabréfin einkaaðilum. Þessi stefna var síðast áréttuð á aðalfundi Verslunarráðs þann 15. febrúar síðastliðinn.

Frumvarpið, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur stofnunarinnar og að heimilt verði að skipta því upp síðar (sbr. 2. mgr. 2. gr. frv.). Þar er með öðrum orðum gert ráð fyrir breytingu á rekstrarformi en ekki einkavæðingu. Til þess að stíga slíkt skref þyrfti sérstaka ákvörðun Alþingis (sbr. 2. mgr. 1. gr.). Þótt frumvarpið sé ekki að öllu leyti í samræmi við markaða stefnu Verslunarráðs hlýtur það að lýsa yfir stuðningi við það í meginatriðum. Ráðið telur að hlutafélagsformið sé mun heppilegra rekstrarform fyrir þá starfsemi, sem stofnunin hefur með höndum, heldur en núverandi fyrirkomulag, og jafnframt felst í frumvarpinu heimild til að skipta hlutafélaginu síðar upp í fleiri félög, sem er mikilvægt að mati ráðsins. Hins vegar er rétt að taka fram, að Verslunarráð telur ekki að frumvarpið feli í sér endanlega framtíðarlausn á málefnum Pósts og síma, heldur ítrekar þá afstöðu sína, að ríkið eigi að draga sig alfarið út úr rekstri á þessu sviði.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími 588-6666
Bréfsími 568-6564
Telex 2316 Chambr is



Í frumvarpinu eru nokkur einstök atriði, sem Verslunarráð vill gera athugasemdir við. Fara þær hér á eftir:

1. gr.

Í 1. gr. segir að ríkisstjórninni sé heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Pósts og síma. Hér væri eðlilegra að taka af skarið um að það sé ætlunin, og orða setninguna svo:

“Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar, ...”

6. gr.

Í 3. málslið 1. málsgreinar 6. greinar kemur fram að ef félaginu verði skipt í tvö félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skuli stjórnir beggja skipaðar á sama hátt og mælt er fyrir um í 6. gr. Í 2. mgr. 2. gr. er kveðið á um heimild til að skipta félaginu upp í samræmi við ákvæði 133. gr. hiutafélagalaganna nr. 2/1995 en þar er að finna heimild til að skipta félagi upp í fleiri félög. Til þess að gæta samræmis væri því eðlilegra að orða 3. málslið 1. mgr. 6. gr. svo:

“Ef félaginu verður skipt upp í tvö eða fleiri félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu stjórnir beggja eða allra félaganna skipaðar á sama hátt.”

9. gr.

Í greininni er kveðið á um það að samgönguráðherra geti bundið starfsleyfi Pósts og síma þeim skilyrðum sem nauðsynleg séu til að tryggja hagsmuni viðskiptavina félagsins. Hér er um afar opna heimild að ræða og virðist hún sett inn í greinina með það fyrir augum að draga úr hættunni á því að félagið nýti yfirburðastöðu sína á markaðnum til að ná fram óeðlilegum skilmálum eða kjörum í viðskiptum sínum við aðra aðila. Með sama hætti ætti að kveða á um það í ákvæðinu, að samgönguráðherra geti sett skilmála til að stuðla að eðlilegum samkeppnisaðstæðum á þeim markaði, þar sem félagið starfar. Mætti því hugsanlega orða niðurlag 9. gr. svo:

“Við útgáfu starfsleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmuni viðskiptavina félagsins og eðlilegar samkeppnisaðstæður á viðkomandi markaði.”

11. gr.

Í greininni er kveðið á um fullkominn fjárhagslegan aðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og einkaréttarstarfsemi hins nýja hlutafélags. Felst í ákvæðinu efnislega það sama og í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaganna nr. 8/1993. Tilgangur þessara ákvæða er að jafna samkeppnisstöðu samkeppnisviðs Pósts og síma og annarra aðila á sama markaði. Fjárhagslegur aðskilnaður er mikilvægur í þessu sambandi, en til þess að jafna samkeppnisstöðuna er nauðsynlegt að ganga lengra að mati Verslunarráðs og tryggja fullkominn rekstrarlegan og stjórnunarlegan aðskilnað samkeppnisstarfsemi og einkaréttarstarfsemi. Telur ráðið hins vegar að það verði tæpast gert nema með því að fela tveimur eða fleiri sjálfstæðum fyrirtækjum þessi verkefni.



12. gr.

Eðlilegt er að eigandi fyrirtækis á borð við Póst og síma hf. geri ákveðnar arðsemiskröfur til fyrirtækisins. Ef félagið er rekið án þess að gerð sé til þess krafa um að skila arði, er hætta á að samkeppnisstaðan á markaðnum raskist, enda verða önnur fyrirtæki á sviði fjarskiptapjónustu að skila eigendum sínum arði eins og raunar fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Því er nauðsynlegt að mælt verði fyrir um arðsemiskröfur til fyrirtækisins í lögnum með skýrari hætti en gert er í frumvarpinu. Hugsanlega mætti orða ákvæðið svona:

“Póstur og sími hf. skal greiða skatta eftir almennum reglum sem tíðkast um hlutafélög og skal reksturinn jafnframt miðast við að fyrirtækið skili hæfilegum arði.”

Með þessu orðalagi væri tekinn af vafi um það að löggjafinn ætlist til þess að fyrirtækið skili arði.

13. og 14. gr.

Í greinunum er fjallað um hugsanlegt öryggishlutverk Pósts og síma hf. Í 13. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð skyldað fyrirtækið til að sinna ákveðinni öryggisþjónustu en í 14. gr. er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti gegn greiðslu samið við fyrirtækið um að sinna framkvæmdum eða rekstri vegna almannaheilla í öryggisskyni eða vegna byggðasjónarmiða. Þarna væri ávinningur af því að skýrar kæmi fram hvers konar öryggisþjónustu og hvaða byggðasjónarmið verið er að fjalla um. Hvorki lagagreinarnar sjálfar né ummæli í greinargerð gefa vísbendingu um hvaða starfsemi eigi að fella undir þessi ákvæði. Jafnframt má benda á, að eðlilegt væri að fram kæmi í 14. gr. að stjórnvöld gætu hugsanlega samið við aðra aðila en Póst og síma hf. um þá þætti, sem þar eru tilgreindir.

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir breytingu á rekstrarformi Pósts og síma. Samhliða þeirri breytingu þarf að sjálfsögðu að huga að breytingum á ákvæðum annarra laga, sem snerta þetta svið, svo sem á fjarskiptalögum. Fram hefur komið að stefnt er að heildarendurskoðun þeirra laga og er rétt að taka fram, að í því sambandi leggur Verslunarráð mikla áherslu á að dregið verði eins og kostur er úr veitingu einkaleyfa á fjarskiptasviðinu. Einnig er rétt að hafa í huga, að með breytingu á rekstrarformi Pósts og síma í hlutafélag hlýtur að þurfa að endurskoða ákvæði eins og til dæmis í tollalögum, þar sem starfsmenn Pósts og síma hafa margvíslegu hlutverki að gegna í sambandi við vörslu póstsendinga, tollmeðferð og innheimtu aðflutningsgjalda.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.